



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 7. febrúar 2017

1511244SA KB/km
Málalykill: 01.80

Efni: Endurskoðun samninga við Fjölís

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 27. janúar 2017 var lagt fram minnisblað Tryggva Þórhallssonar, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði, og Vals Rafns Halldórssonar, stjórnsýslufræðings á rekstrar- og útgáfusviði, dags. 24. janúar 2017, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðu viðræðna við Fjölís um endurskoðun samninga varðandi afnot af höfundarvernduðu efni í stjórnsýslu sveitarfélaga. Niðurstaðan er á formi fyrirmyndar að samningi. Í minnisblaðinu er lagt til að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mæli með því við sveitarfélög að þau gangi til samninga við Fjölís þar sem texti samningsfyrirmyndarinnar verði notaður óbreyttur. Valur Rafn Halldórsson, stjórnsýslufræðingur á rekstrar- og útgáfusviði sambandsins, gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og samningsfyrirmyndinni.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórnin samþykkti að mæla með því við sveitarfélögin að þau gangi til samninga við FJÖLÍS á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fram á fundinum. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna sveitarfélögunum þessa niðurstöðu.“

Gert er ráð fyrir að Fjölís beini erindi til allra sveitarfélaga í framhaldi af samþykkt stjórnar sambandsins.

Fyrirmynd af samningnum sem og minnisblaðið má nálgast í viðhengi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026